Samtakahópurinn 09 maí 2019 kl 14.30

Fundurinn var haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12.

Mætt: Gunnhildur Gunnarsdóttir, Sigríður Bílddal, Hólmfríður Karlsdóttir, Kolbrún Þorgilsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Sigrún Björgvinsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

***

Fundargerð

1. ***Niðurstaða Rannsókna og greininga á vímuefnaneyslu í 8. – 10. bekk í Reykjanesbæ.***

   Samtakahópurinn telur að niðurstöðurnar séu nokkuð góðar þó vissulega séu innan um þættir sem beri að skoða betur. Skólastjórnendur munu fá sent niðurbrot á sinn skóla um leið og þær berast. Rannsóknin er komin inn á vef Reykjanesbæjar.

2. ***Út að leika – málþing um frjálsan leik barna 10. maí og Ævintýraganga fjölskyldunnar 11.maí.***

   Samtakahópurinn fagnar þessu framtaki og minnir á mikilvægi útiveru barna og ungmenna.

Ráðhús Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12 Sími 421 6700
230 Reykjanesbær reykjanesbaer@reykjanesbaer.is reykjanesbaer.is

3. ***Sumar í Reykjanesbæ.***

   Vefurinn Sumar í Reykjanesbæ er kominn í loftið á slóðinni sumar.rnb.is en þar getur að líta fjölbreytt íþrótta- og tómstundatilboð fyrir börn og ungmenni.

4. ***Forvarnardagur Samtakahópsins 20.maí 2019***

   Hugmyndin með forvarnardeginum er að hann verði árlegur og taki á þeim þáttum sem hæst bera á baugi hverju sinni hjá börnum og ungmennum. Ungmennaráð Reykjanesbæjar hefur t.a.m. kallað eftir aukinni fjármálafræðslu og þ.a.l. er boðið upp á tónlistarmanninn og hagfræðinginn Jón Jónsson sem einn af fyrirlesurum dagsins.

5. ***Styrkjum Stuðla – fjáröflun á vegum Fjörheima.***

   Samtakahópurinn þakkar Fjörheimum fyrir að bjóða upp á áhugavert skemmtikvöld til styrktar Stuðlum. En styrktarkvöldið fór fram 8. maí sl.

6. ***Hreyfivika UMFÍ viðburður á vegum Heilsueflandi samfélags í Reykjanesbæ.***

   Hreyfivika fer fram í Reykjanesbæ 27. maí. Meðal viðburða sem eru staðfestir eru frítt í sund fyrir bæjarbúa í einn dag og hollur morgunverður fyrir hópinn lífið er yndislegt og afsláttur af árskortum. Reiðhjólaskoðun já lögreglunni, Golfklúbbur Suðurnesja verður með nýliðakennslu og spilað verður á litla vellinum, skátarnir munu taka þátt og margir fleiri. Fulltrúar grunn- og leikskólanna í Samtakahópnum eru hvattir til að bjóða upp á hreyfitengdan viðburð í Hreyfivikunni.

7. ***Lýðheilsuvísar***

   Lýðheilsuvísar verða kynntir í fyrsta skipti í Reykjanesbæ 6. júní nk. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Alma Möller landlæknir munu verða sérstakir gestir en dagurinn er skipulagður af embætti landlæknis í samstarfi við Reykjanesbæ.

8. *Náum áttum 15. maí nk.*

   Ráðstefna Náum áttum hópsins fer fram á Grandhótel 15.maí og þar verða kynnt mikilvægi foreldra í forvörnum.

REYKJANESBÆR
FÖSTUDAGINN 10. MAÍ KL. 13:00 - 15:00
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla
ÚT AÐ LEIKA
Málþing um frjálsan leik og útiveru barna og fjölskyldna, í fyrirlestrarsal Keilis
DAGSKRÁ
Griffin Longley, ástralskur fjölmiðlamaður og frumkvöðull í öllu sem viðkemur útiveru og frjálsum leik barna. Stofnandi og framkvæmdastjóri Nature Play í Ástralíu.
Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins kynnir áherslur í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og ungmennahússins.
Björn Þór Jóhannsson, mannfræðingur kynnir mikilvægi leikja með börnum og ungmennum.
Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
ÁSBRÚ
Í fyrirlestrarsal Keilis að Grænásbraut 910
Listahátíð barna í Reykjanesbæ

ÆVINTÝRAGANGA FJÖLSKYLDUNNAR
Laugardaginn 11. maí
kl. 10:30 -12:30.
Skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna þar sem gengið verður á Þorbjörn í fylgd félaga úr Gönguhópi Suðurnesja, Björgunarsveitar Suðurnesja og Leikfélags Keflavíkur. Leikir og söngur.
Mæting á bílastæði við Þorbjörn.
Gönguföl er hvatt til að taka með sér nesti og góða skapið.
Ævintýragangan fer fram í tengslum við málþingið Út að leika og Barnahátíð í Reykjanesbæ. Mæting á bílastæðinu við Þorbjörn.
YOUNG WILD AND FREE
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla

MORGUNVERÐARFUNDUR
Miðvikudaginn 15. maí 2019
kl. 8:15-10:00 á GRAND HÓTEL
NÁUM ÁTTUM
HLUTVERK FORELDRA Í FORVÖRNUM
Hlutverk rannsókna í forvörnum foreldra
MARGRÉT LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR
Sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu
Foreldravirkni og samvera – „Kynning á starfi SAMAN hópsins"
ÞÓRA JÓNSDÓTTIR
Þóra Jónsdóttir – Verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi og fulltrúi Barnaheilla í SAMAN-hópnum.
Foreldrasamstarf – Áreiti eða ávinningur
STEFÁN MÁR GUNNLAUGSSON
Formaður Foreldraráðs Hafnarfjarðar
Fundarstjóri: RAFN M. JÓNSSON
Þátttökugjald er 3.000 krónur sem þarf að staðgreiða.
Morgunverður er innifalinn í gjaldinu.
Allt! Fyrirtæki eða stofnanir geta fengið sendan reikning fyrir þátttökugjaldi einungis gegn beiðni sem skilað er á staðnum.
Morgunverðarfundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.
Margrét Lilja Guðmundsdóttir
Þóra Jónsdóttir
Stefán Már Gunnlaugsson
NÁUM ÁTTUM er samstarfshópur um fræðslu- og forvarnarmál
Skráning á naumattum.is

Sumarið 2019 - fleiri námskeið eru væntanleg ! Það er ennþá hægt að senda inn efni á sumar@reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjanesbær
vellíðan fyrir alla